

2. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 7.apríl 2015 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnesi 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá:

1. Vegagerðin – a) flugsamgöngur
 - b) Svarbréf vegna Litlu-Kleifar
 - c) Bréf frá Jóhönnu Sigmundsdóttur
 2. Hvalárvirkjun – Vegarstæði yfir Eyrarháls og um Eyri. Bætt þjónusta Vodafone og Símans ofl.
 3. Málefni Norðurfjarðarhafnar – Væntanlegar framkvæmdir, erindi frá Jóni Eiríkssyni, skil á ársreikningum 2014 og uppl. um aflagjaldsprósentu, ákvörðun aðstöðugjalda og gerð gjaldskrár.
 4. Byggðasamlag vestfjarða um málefni fatlaðs fólk – ályktun sambandsins varðandi málefni fatlaðra lögð fram til samþykktar.
 5. Kaffi Norðurfjörður – ráðning rekstraraðila og kynning á nýjum leigusamningi.
 6. Borun eftir vatni – Minnisblað frá Hauki Jóhannessyni yfirfarið og framhaldið rætt.
 7. Viðhald á eignum hreppsins – Málningarvinna í samkomuhúsi.
 8. Byggðastofnun v. brothættar byggðir – staðan kynnt.
 9. Vestfjarðarvíkingurinn – bréf kynnt
 10. Fáni Árneshrepps – Fánar tilbúnir, notkun, dreifing og verð.
 11. Félag eldri borgara í Strandasýslu – umsókn um styrk
 12. Styrktarsjóður EBÍ – umræða um umsókn.
 13. Lénið Árneshreppur.is tekið í notkun og ný netföng – Hvaða netföng eiga að fara í notkun, efni á heimasíðu ofl., á að stofna Facebooksíðu hreppsins?
-
1. Vegagerðin a) – flugsamgöngur í Árneshrepp eru ófullnægjandi og talið er að samningur hafi ítrekað verið brotinn undanfarin ár þ.e. þær flugvélar sem notaðar eru geta ekki flutt þann farþegafjölda eða þyngd sem samningurinn kveður á um. Ákveðið er hafa samband við Hrein Haraldsson vegamálastjóra og biðja um afrit af nýjum samningi þegar hann verður gerður ásamt því að afla gagna um flug á Gjögur
 - b) – svarbréf vegna Litlu-Kleyfar rætt.
 - c) - oddviti mun svara bréfi Jóhönnu Sigmundsdóttur um vegapjónustu í Árneshrepp.
 2. Varðandi vegastæði vegna Hvalárvirkjunar vill hreppsnefnd bíða og sjá hvort af samningi verður. Oddviti hafði samband við Vodafone og Símann varðandi bætta þjónustu. Ekkert svar hefur borist.
 3. Norðurfjarðarhöfn tekin til umræðu. Oddviti mun svara bréfi Jóns Eiríkssonar varðandi löndun. Búið er að skila ársreikningi 2014 til hafnardeildar Vegagerðarinnar. Gjaldskrá á að

vera til hjá sveitarfélaginu umræða um þau verður á næsta fundi ásamt ákvörðun um aðstöðugjöld. Rætt um staðsetningu nýrrar flotbryggju og vill hreppsnefnd breyta staðsetningu á henni frá hugmyndum hafnardeildar ásamt því að stækka höfnina. Oddviti mun mæla sér mót við Rob P.M. Kamsma verkefnastjóra hafnardeildar og ræða málin.

4. Hreppsnefnd er samþykkt ályktun Byggðasamlags Vestfjarða um að óska eftir viðræðum við Velferðarráðuneytið um að ríkið taki við málaflokki fatlaðs fólks.

5. Kaffi Norðurfjörður leigusamningur og ráðning á rekstraraðilum rædd. Oddviti mun ræða munnlega við leigutaka um logo Kaffi Norðurfjarðar og breytingar á því.

6. Minnisblað vegna neysluvatnsöflunar frá Hauki Jóhannessyni rætt. Ákveðið var að fá traktorsgröfu til að grafa ofan af og skoða í vor. Eva mun hafa samband við Hauk um framhaldið en talið er vænlegast að fá nýjan vatnsgeymi úr plasti sem yrði grafinn niður á þægilegum stað.

7. Viðhald á eignum hreppsins rætt. Birgir Gíslason málari kemur í maí og mun mála félagsheimilið og rætt verður við hann um að mála salinn í kaffihúsinu. Bílskúr á skólalóð þarf að mála í sumar og gæti það verið sem unglíngavinna. Fá þarf pípulagningamann til að klára viðhald á húsnæði hreppsins þ.e. tengja ofna og endurnýja lagnir í verslunarhúsi og eldri íbúð Einnig þarf að ganga frá þilinu.

8. Verkefni Byggðastofnunar vegna brothættar byggðir rætt. Bakslag kom á vinnu við verkefnið en nýrra fréttu er að vænta fljótlega.

9. Bréf frá Vestfjarðarvíkingnum lagt fram til kynningar.

10. Fáni Árneshrepps kynntur. Ákveðið var að selja stk á 6000 kr. Kynna þarf fánana fyrir ferðapjónustuaðilum og öðrum íbúum hreppsins.

11. Umsókn um styrk frá félagi eldri borgara í Strandasýslu rædd. Ákveðið var að styrkja það um 50.000 kr.

12. Umræða um styrk frá EBÍ vegna sérstakra framfaraverkefna rætt. Frestur er til aprílloka til að skila inn umsóknum.

13. Davíð Már Bjarnason kom á fundinn vegna heimasíðu fyrir Árneshrepp þar sem hann ræddi miklvægi þess að vanda grunnvinnu við vinnu á heimasíðu fyrir hreppinn. Marka þarf skýra mynd og ímynd Árneshrepps áður en farið er af stað í þá vinnu. Ákveðið var að netföng með endinguna @arneshreppur.is verði eingöngu notað af hreppnum og stofnunum hans fyrst um sinn.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 23:30